

1958

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. desember 1977.

Úrskurð þennan er að finna á bls. 1561—1567 að framan.

Fimmtudaginn 11. desember 1980.

Nr. 146/1978. **Ólafur Rúnar Gunnarsson**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Birni Önundarsyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Útivist áfrýjanda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Engin ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, en áfrýjandi, er eigi sótti þing í héraði, telur, að þau gögn, sem lágu fyrir héraðsdómi, hafi nægt til sýknu.

Mál þetta er risið af árekstri bifreiða, sem varð á eystri akbraut Hafnarfjarðarveggar rétt sunnan við Fossvogslækinn 4. janúar 1978. Vegurinn var blautur og háll og snjóruðningar á jöðrum hans. Bifreiðunum R 47881, sem áfrýjandi ók, og R 49742, sem var eign stefnda, en Önundur Sigurjón Björnsson ók, var báðum ekið norður Hafnarfjarðarveginna.

Lögreglan var til kvödd og gerði uppdrátt af vettvangi. Ökumenn bifreiðanna gáfu báðir skýrslu fyrir lögreglu.

Áfrýjandi kveðst hafa ekið á um 50 km hraða á vinstri akrein, en R 49742 hafi verið um 20 m á undan á hægri akrein. Henni hafi síðan verið ekið yfir á vinstri akreinina í veg fyrir sig, rétt áður en áreksturinn varð. Þegar bifreiðin hafi verið komin yfir á vinstri akreinina, hafi hún lent í snjóþunga og ökumaður hennar misst vald á henni, ekki náð að aka áfram og ekki komist eðlilega inn á akreinina. Kvaðst hann fyrst hafa hemlað, en séð, að það mundi ekki duga. Þá hafi hann sleppt hemlunum og reynt að beygja fram hjá bifreiðinni. Það hafi ekki tekist og hafi vinstra framhorn sinnar bifreiðar lent á vinstra afturhorni R 49742. Ökumaður bifreiðarinnar R 49742 kveðst hafa ekið norður Hafnarfjarðarveginn, fyrst eftir hægri akreininni, en síðan skipt um akrein og fært sig nær vinstri vegarkantinum eins langt og hann taldi fært, en færð hafi verið mjög erfið. Þá hafi bifreið sín lent í meiri ófærð og farið að rása. Hafi hann þá dregið úr hraða bifreiðarinnar, sem ekki hafi verið mikill fyrir, og ætlað að reyna að koma bifreiðinni upp á eyjuna, sem er á milli akbrautanna. Þá hafi bifreiðinni R 47881 verið ekið aftan á bifreið sína. Hann kveðst hafa verið búinn að aka talsverðan spöl á vinstri akreininni, þegar áreksturinn varð.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, og gögnum máls að öðru leyti verður að telja, að áfrýjandi hafi átt yfirgnæfandi sök á árekstri bifreiðanna og skemmdum þeim, sem urðu á bifreið stefnda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt því verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 150.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Rúnar Gunnarsson, greiði stefnda, Birni Önundarsyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júní 1978, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. og 15. júní sl., af Birni Önundarsyni lækni, Brekkugerði 9, Reykjavík, gegn Ólafi Rúnari Gunnarssyni, Hjallavegi 42, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 190.740 með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá 4. janúar 1978 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Til réttargæslu er stefnt Ragnari Ingimarssyni f. h. Hagtryggingar h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að þann 4. janúar 1978 hafi bifreið stefnda, R 47881, sem sé skylduábyrgðartryggð hjá réttargæslustefnda, verið ekið aftan á bifreið stefnanda, R 49742. Vátryggingarfélagið hafi neitað að greiða nema 2/3 hluta viðgerðar-tjóns samkv. reikningum og sé málið höfðað til heimtu 1/3 hluta reikninganna, sem stefnandi hafi sjálfur orðið að greiða. Stefnukrafan sé þannig sundurliðuð:

1. 1/3 reiknings frá Armi s/f	kr. 129.273
2. 1/3 reiknings Bifreiðaverkstæðis Gunnars Sigur- gíslasonar	— 31.677
3. Afnotatjón í 10 daga	— 30.000

Samtals kr. 190.940

Greiðslutilmæli hafi ekki borið árangur.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti, að rétt þykir að dæma ársvexti, sem reiknast 16% frá 4. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., en 19% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 42.100.

Dóminn kvað upp Sigríður Ólafsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Rúnar Gunnarsson, greiði stefnanda, Birni Önundarsyni lækni, kr. 190.740 með 16% ársvöxtum frá 4. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 42.100 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.